



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b.t. skrifstofu stjórnunar og umbóta
postur@fjr.is

Sent inn í Samráðsgátt

Reykjavík, 19. október 2018

Efni: Umsögn SI um áform um frumvarp til breytinga á lögum um opinber innkaup nr. 120/2016

Á Samráðsgátt er til umsagnar áform um frumvarp til breytinga á lögum um opinber innkaup nr. 120/2016. Markmið breytinganna er að tryggja að regluverk opinberra innkaupa styðji við stefnu hins opinbera í málaflokknum ásamt því að tryggja að ekki myndist ósamræmi við túlkun innlendra reglna við EES-rétt. Samtök iðnaðarins fagna umbótum á lögum um opinber innkaup og telja mikilvægt að ferli opinberra innkaupa sé skýrt og skilvirkt auk þess að styðja við samkeppni og þar af leiðandi hagræðingu í ríkisrekstri. Samtökin hafa þó nokkrar athugasemdir við áformin, eins og þeim er lýst á Samráðsgátt.

Fagna samráði á fyrstu stigum

Samtök iðnaðarins fagna því samráði sem nú er viðhaft á fyrstu stigum við undirbúning breytinga á lögum um opinber innkaup. Er slíkt samráð mikilvægt svo hagsmunaaðilar geti komið á framfæri athugasemdum á fyrri stigum en jafnframt til upplýsinga fyrir atvinnulífið um væntanlegar breytingar á regluverkinu. Samtökin fagna því ennfreður að til standi að efna til formlegra og ítarlegra samráðs við helstu hagsmunaaðila um nánari útfærslur frumvarpsins og lýsa Samtök iðnaðarins yfir vilja til að taka þátt í slíkri vinnu.

Áhrif breytinga á atvinnulíf vanmetið

Ein af þeim breytingum sem fyrirhuguð er skv. umræddum áformum er að heimila verkkaupa að mæla fyrir um svokallaða keðjuábyrgð aðalverktaka á undirverktökum. Slík ábyrgð felur í sér inngrip í grundvallarskipulag vinnumarkaðs- og samningaréttar þar sem ábyrgð á launagreiðslum starfsmanna liggur hjá atvinnurekanda en ekki viðsemjanda hans. Mótmæla því samtökin því mati ráðuneytisins að fyrirhugaðar breytingar muni „ekki auka reglubyrði umfram gildandi lög.“ Er hér um stefnubreytingu að ræða sem mun hafa veruleg áhrif á þau fyrirtæki sem taka þátt í útboðum á vegum ríkis og sveitarfélaga á grundvelli umræddra laga. Skortir með öllu að meta þau áhrif og leggja samtökin til að slíkt mat verði framkvæmt við undirbúning frumvarps til breytinga á lögum um opinber innkaup.

Við setningu slíks ákvæðis þarf að gæta meðalhófs og þess að ekki sé verið að færa eftirlit með því að farið sé að lögum á hendur einkaaðila. Samtökin hvetja að sjálfsögðu fyrirtæki til að fara að lögum, virða gerða kjarasamninga og réttindi starfsfólks. Ennfremur þarf að horfa til ábyrgðar verkkaupa í þessu samhengi og hvaða skyldur hann ber gagnvart því starfsfólki sem starfar í verkum á hans vegum. Ábyrg innkaupahegðun ríkisins þar sem unnið er gegn undirboðum á markaði, hvort heldur félagslegum eða fjárhagslegum, er ein forsenda þess að réttindi starfsfólks séu tryggð.



Skerpa á ákvæðum um samkeppnisviðræður og samkeppnisútboð

Samtök iðnaðarins fagna þeim áformum að skerpa á ákvæðum er varða samkeppnisviðræður og samkeppnisútboð og þá í leiðinni skilgreiningu á ógildum tilboðum og höfnun tilboða. Ágreiningur hefur skapast um ýmsar ákvarðanir opinberra aðila um að hafna öllum tilboðum í útboði með vísan til þess að tilboð séu of há og hefja í kjölfarið nýtt útboð. Óskýrar reglur um heimild opinberra aðila til slíks veldur óvissu og dregur úr skilvirkni útboðsferilsins.

Eftirlit með framkvæmd laganna

Heildarútgjöld hins opinbera í fyrra námu 45% af landsframleiðslu og er ríkið stór kaupandi á markaði, á vöru og þjónustu. Er því mikilvægt að þess sé gætt að ríkið fari að þeim reglum sem um innkaup þeirra gilda, þ.e. lög um opinber innkaup. Ekkert stjórnvald hefur þó eftirlit með því hvort ríkið ræki þær skyldur sínar og fyrirtækjum á markaði gert að rækja það eftirlit, með kærnum til kærunefndar útboðsmála.

Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að eftirlit með opinberum innkaupum sé virkt enda ýtir það undir virkari samkeppni á markaði. Samtökin telja að Samkeppniseftirlitið ætti að fá það hlutverk, sambærilegt samkeppniseftirlitinu í Svíþjóð, að hafa eftirlit með opinberum innkaupum ríkisstofnana.

Að lokum ítreka samtökin vilja til þátttöku í ítarlegra samráði um nánari útfærslur fyrirhugaðs frumvarps og leggja áherslu á mikilvægi þess að fulltrúar atvinnulífsins komi að slíkri vinnu.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Björg Ásta Þórðardóttir,
lögfræðingur SI